

Skólaráðsfundur haldinn í Myllubakkaskóla 21.03. 2012.

Á fundinn voru mættir: Steinar, Svanhildur, Svana, Stefán. Júlíus, Hrafnhildur og Snezana.

Eitt mál var á dagskrá, skóladagatal fyrir næsta vetur. Fundarmenn skoðuðu drögin að skóladagatalinu og Steinar sagði að reynt hafi verið að hafa jöfn skipti á frídögum og núna eru 34 mánu- þriðju- mið- fimmtu- og föstudagar í kennslu. Fundarmenn gerðu enga athugasemd við skóladagatalið.

Steinar sagði að nú væru allir á fullu að undirbúa árshátíðina sem verður 23. mars og 1. apríl eru svo afmælistónleikarnir sem haldnir eru í tilefni 60 ára afmælis skólans.

Fram kom að gott væri að stjórnendur skólans myndu vekja athygli foreldra á hefðum í sambandi við matinn hjá 10. bekk þar sem ekki eru allir foreldrar sem þekkja þessar hefðir.

Ekki annað tekið fyrir. Fundi slitið
Svana A. Daðadóttir fundarritari.